Nr. 4.
16.
febr.

Lög til bráðabirgða

um

breyting á 9. gr. í lögum 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Oss hefur allraþegnsamlegast verið skýrt svo frá, að 9. gr. í lögum 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald af fiski, lýsi o. fl. muni eigi vera samkvæm því, sem alþingi ætlaðist til, einsog hún varð orðuð fyrir það, að uppástunga til breytingar á frumvarpi stjórnarinnar var samþykkt á alþingi; þingið muni aðeins hafa ætlað að aptra því, að á aflann frá 1. sept. til 31. des. 1881 legðist bæði spítalagjald samkvæmt tilsk. 12. febr. 1872 og útflutningsgjald eptir ofangreindum lögum, en, einsog lögin hljóða eptir breytingu þá, sem gjörð var á frumvarpinu, getur farið svo, að afli sá, sem fæst frá 1. sept. til 31. des. 1881 verði bæði laus við spítalagjald og útflutningsgjald; og með því að þetta gæti orðið landssjóði töluverður tekjumissir, sem hefur verið fjarri tilgangi og vilja alþingis að samþykkja, en eigi verður á annan hátt komizt hjá tekjumissi þessum, nje heldur er unnt að fresta málinu til næsta alþingis, þá höfum Vjer, samkvæmt stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands, 5. jan. 1874 11. gr., allramildilegast skipað fyrir á þessa leið:

Afli sá, sem hefur fengizt á árinu 1881, skal því að eins undanþeginn spítalagjaldi samkv. tilsk. 12. febr. 1872, að hann sje fluttur út úr landinu eptir 1. jan. þ. á. og þarmeð leggist á hann útflutningsgjald eptir lögum 4. nóv. 1881.

Nr. 4.
16de
Februar.

Forelobig Lov

angaaende

Forandring i § 9 i Lov af 4de November 1881 om Udførselsafgift af Fisk og Tran m. m.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Da den Affattelse, som § 9 i Lov af 4de November 1881 om Udførselsafgift af Fisk og Tran m. m. har faaet ved Vedtagelsen af et paa Althinget stillet Ændringsforslag til Regjeringens Lovforslag, ifølge de Os allerunderdanigst forelagte Oplysninger maa antages ikke at stemme med Althingets virkelige Mening, idet denne ikkun har været at forhindre, at Udbyttet af Fiskeriet fra 1ste September til 31te December 1881 bliver bebyrdet baade med Hospitalsafgift efter Frd. 12te Februar 1872 og med Udførselsafgift efter ovennævnte Lov, medens derimod Loven, saaledes som den ved det omtalte Ændringsforslags Vedtagelse er kommen til at lyde, vil kunne faa den Følge, at Udbyttet af Fiskeriet fra 1ste September til 31te December 1881 ikke rammes af nogen af de nævnte Afgifter, og da der herved vil kunne paaføres Landskassen et forholdsvis betydeligt Indtægtstab, som det har ligget udenfor Althingets Hensigt og Villie at samtykke i, saa have Vi, da saadan skadelig Følge ikke paa anden Maade kan forebygges, og det ikke kan opsættes at træffe de i saa Henseende fornødne Foranstaltninger til Althingets næste Sammentræden, i Kraft af Forfatningslov for Islands særlige Anliggender af 5te Januar 1874 § 11 allernaadigst bestemt Følgende:

Den Fangst, der er gjort i Aaret 1881, skal kun være fritaget for Hospitalsafgift i Henhold til Frd. 12. Februar 1872, naar den ved at udføres fra Landet efter 1ste Januar d. A. bliver undergiven Udførselsafgift i Henhold til Lov 4de November 1881.

Nr. 4. 16. febr.

Lög þessi öðlast gildi daginn eptir að það tölublað af Stjórnartíðindunum, deildinni B., er út komið, þar sem auglýst er, að lögin sjeu komin út.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 16. dag febrúarm. 1882.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

Denne Lov træder i Kraft Dagen efter, at det Nummer af Regjeringstidenden, Afdeling B, er udgaaet, hvori det bekjendtgjøres, at Loven er udkommen. Nr. 4. 16de Februar.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 16de Februar 1882.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

Nr. 4. Forel. Lov af 16de Febr. ang. Forandring i § 9 i Lov af 4de Novbr. 1881 om Udførselsafgift af Fisk, Tran m. m.